

Allir grunnskólanemendur eiga rétt á að njóta náms- og starfsráðgjafa.

Í Aðalnámskrá frá árinu 2013 á bls. 47 kafla 7.11. kemur fram að náms- og starfsráðgjöf sé lögbundinn hluti af sérfræðipjónustu skóla. Allir grunnskólanemendur eiga rétt á að njóta þjónustu náms- og starfsráðgjafa samkvæmt Grunnskólalögum frá 2008 (2008 nr. 91 12. júní) sem Aðalnámskrá byggir á. Þar er í kafla IV 13.gr. fjallað um þann rétt nemenda .

Í lögum um náms- og starfsráðgjafa og lögverndun starfsheitisins frá 3. apríl 2009 (Lög nr. 35 3. apríl 2009.) sem felld voru inn í Grunnskólalögin með þingskjali nr. 847, er þessi réttur endanlega tryggður. [Þingskjal 847, 136. lögjafarþing 422. mál: náms- og starfsráðgjafar (heildarlög, EES-reglur).] <http://www.althingi.is/altext/stjt/2009.035.html#G9>



Olga Sveinbjörnsdóttir
Náms- og starfsráðgjafi, MA/Educational and Vocational Counselling and Guidance
Vallaskóla Selfossi
Netf: olgas@vallaskoli.is
sími: 480-5800/sími í viðtalsherb.: 480-5814
fs:8450076



Náms- og starfsráðgjöf

Hvert er hlutverk náms- og starfsráðgjafa ?

Kynning á almennri starfslýsingu samkvæmt Félagi náms- og starfsráðgjafa (FNS)



Olga Sveinbjörnsdóttir
Náms- og starfsráðgjafi
Vallaskóla Selfossi



Ráðgjöf í námi og starfi

1. Ráðgjöf um vinnubrögð

- Leiðsögn og fræðsla um skipulagningu tíma og áætlanagerði.
- Leiðsögn og fræðsla um námstækni (s.s. námsaðferðir, lestraraðferðir og prófundirbúning).
- Leiðsögn og fræðsla um lífsstíl og venjur sem stuðlað geta að aukinni einbeitingu, úthaldi og auknu tilfinningalegu jafnvægi.

2. Persónuleg ráðgjöf og stuðningur

- Stuðningur og ráðgjöf vegna tímabundinna erfiðleika og/eða áfalla.
- Stuðningur og ráðgjöf vegna erfiðleika í einkalífi.
- Leiðsögn og ráðgjöf um streitu- og kvíðastjórnun.
- Tilvísun og samstarf við sérfræðinga í sértækum málum.
- Hópráðgjöf/námskeiðahald sem styrkja einstaklinginn í námi og/eða atvinnuleit (s.s. gerð ferilskráa, atvinnu-umsókna, námstækni og prófkviði).

3. Ráðgjöf, hagsmunagæsla og upplýsingamiðlun vegna sérhæfðra réttindamála

- Stuðningur við einstaklinga með sérþarfir í samstarfi við aðra fagaðila.
- Mat og greining á úrræðum fyrir einstaklinga með sérþarfir.
- Samstarf við yfirvöld, sérfræðinga og þjónustuaðila í málefnum einstaklinga með sérþarfir.

Ráðgjöf við náms- og starfsval

1. Áhugagreining

- Könnun og greining á áhugasviði einstaklinga; fer ýmist fram með viðtölum eða með notkun mælitækja og kannana.

2. Mat og greining á náms- og starfsfærni

- Greining styrkleika og veikleika einstaklinga með tilliti til náms og starfa; fer aðallega fram með viðtölum við ráðþega.

3. Miðlun upplýsinga um möguleika og framboð á námi og störfum

- Veitir upplýsingar og ráðgjöf um nám, námskeið, starfsmenntun og starfsval
- Starfsfræðsla; umsjón með framkvæmd starfsfræðslu í samstarfi við kennara, starfsfræðslufulltrúa og fulltrúa atvinnulífs.
- Námskynningar; skipulag námskynninga innan skólans og undirbúningur og uppræðsla nemenda fyrir stærri sameiginlegar námskynningar menntakerfisins.
- Gagnasmíð, gagna- og upplýsingasöfnun og viðhald gagnabanka um nám og störf.
- Miðlun og leiðsögn við notkun upplýsinga úr gagnabanka.

Þróunarverkefni

- Skýrslugerð
- Skráning viðtala og viðfangsefna.
- Úrvinnsla tölulegra upplýsinga um viðtöl og viðfangsefni.
- Mat og áætlanagerði.

1. Viðhald fagþekkingar

- Þróun nýrra starfsaðferða.
- Endurmenntun/símenntun.
- Samstarf við aðra ráðgjafa og faghópa.
- Handleiðsla/sjálfskoðun.

2. Kannanir og rannsóknir

- Mat á starfsaðferðum.
- Kannanir og eftirfylgni verkefna og viðfangsefna.
- Kannanir á aðstæðum og viðhorfum ráðþega.

3. Fræðsla og miðlun þekkingar

Náms- og starfsráðgjöfum skal veitt svigrúm til að sinna:

- Fyrirlestrum.
- Greinaskrifum.
- Viðtölum við fjölmiðla.
- Fundum.
- Nefndarstörfum.
- Samningu fræðsluefnis í greininni.
- Ráðstefnum.